

SKRÁNINGARLÝSING

**Skuldabréf með 100% höfuðstólstryggingu,
tengt hækkun á Eurostoxx 50 vísitölunni**

útgefin af

Kaupþingi banka hf.

Júní 2006

YFIRLÝSINGAR.....	3
ÚTGEFANDI.....	4
ÚTGEFANDI.....	4
STARFSEMI.....	4
HEIMILD OG TILGANGUR	4
SALA OG SKRÁNING	4
SÖLUAÐILI	4
FYRIRKOMULAG SÖLU	4
SÖLUGENGI.....	4
EININGAR OG AUÐKENNI	4
SÖLUTRYGGING	5
SKRÁNING.....	5
KOSTNAÐUR VIÐ SKRÁNINGU.....	5
UMSJÓNARAÐILI OG MILLIGANGA VEGNA SKRÁNINGAR	5
VIÐSKIPTAVAKT	5
SKILMÁLAR SKULDABRÉFANNA	5
ÚTGÁFUDAGUR.....	5
NAFNVERÐ OG LÁNSTÍMI.....	5
UPPGREIDSLUHEIMILD	5
VERÐTRYGGING	5
VEXTIR.....	5
GREIÐSLUR	6
FLOKKUR SKULDABRÉFA	6
GREIÐSLUSKILMÁLAR	6
TRYGGINGAR OG RÉTTINDI	7
GREIÐSLUSTAÐUR	7
VIÐTÖKUDRÁTTUR OG VANSKIL	7
FRAMSAL OG FRAMSALSTILKYNNING	7
FYRNING	8
SKATTAR.....	8
ÁGREININGUR.....	8
UPPLÝSINGAR OG GÖGN	8

Yfirlýsingar

Stjórn Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu skuldabréfa KB 06 2 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 6. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöll.

Reykjavík, 26. júní 2006

Ingólfur Helgason
Forstjóri Kaupþings banka hf.
kt. 041067-5279

Guðmundur Þ. Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Fjárfstýringar Kaupþings banka hf.
kt. 180966-4559

Lögfræðisvið Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, f.h. Kaupþings banka hf., lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar skuldabréfa KB 06 2 var aflað þeirra gagna sem að mati Lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Kaupþingi banka hf. og verðbréfum hans og að mati Lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 6. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöll.

Reykjavík, 26. júní 2006

Helgi Sigurðsson, hrl.
Framkvæmdastjóri Lögfræðisviðs
Kaupþings banka hf.
Kt. 260361-5629

Andri V. Sigurðsson hdl.
Lögfræðingur á Lögfræðisviði
Kaupþings banka hf.
Kt. 101272-3469

Útgefandi

Útgefandi

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419 Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hér eftir einnig nefndur "bankinn" í skráningarlýsingu þessari.

Starfsemi

Bankinn starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 3. gr. samþykkt bankans er tilgangur félagsins fjármálaþjónusta og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við hana.

Heimild og tilgangur

Útgáfa þessi, að fjárhæð allt að 90.500.000 DKK að nafnverði, var samþykkt af framkvæmdastjórum Kaupþings banka hf. þann 9. júní 2006 skv. heimild stjórnar, sbr. gildandi undirskriftarlistar Kaupþings banka hf. samþykktir af stjórn Kaupþings banka hf. þann 1. nóvember 2005. Tilgangur útgáfunnar er að afla fjár til starfsemi bankans.

Flokkurinn er lokaður. Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands (Kauphöllin) er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

Sala og skráning

Söluaðili

Kaupþing banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fyrirkomulag sölu

Skuldabréf að fjárhæð 90.500.000 DKK að nafnverði voru seld til afmarkaðs hóps fjárfesta á tímabilinu 1. maí 2006 til 31. maí 2006. Við útgáfu bréfanna þann 23. júní 2006 eru þau afhent fjárfestum gegn staðgreiðslu.

Sölugengi

Sölugengi skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 1,00. Sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að nálgast hjá Markaðsviðskiptum Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Einingar og auðkenni

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Værdipapircentralen A/S, Helgeshøj Allé 61, P.O. Box 20, DK-2630 Taastrup í Danmörku (hér eftir "VP A/S") sem annast m.a. rafræna eignaskráningu verðbréfa. Skuldabréfin eru í 1.000 DKK einingum. Auðkenni skuldabréfanna er KB 06 2 og ISIN auðkenni DK0030033451.

Söluþrygging

Útboðið var ekki söluþryggt.

Skráning

Kauphöllin hefur samþykkt að taka skuldabréf Kaupþings banka í neðangreindum flokki, á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf, samtals að nafnverði 90.500.000 DKK, skráð þann 30. júní 2006 enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

Kostnaður við skráningu

Kostnaður við útgáfu skuldabréfanna hjá VP A/S nam 40.725 DKK og vegna skráningar hjá Kauphöllinni 22.450 DKK. Annar kostnaður vegna skráningarinnar var óverulegur.

Með útgáfunni er aflað samtals 90.436.825 DKK.

Umsjónaraðili og milliganga vegna skráningar

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími: 444-6000, netfang www.kbbanki.is.

Viðskiptavakt

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

Skilmálar skuldabréfanna

Útgáfudagur

Útgáfudagur skuldabréfanna er 23. júní 2006.

Nafnverð og lánstími

Þegar hafa verið gefin út og seld skuldabréf að fjárhæð 90.500.000 DKK að nafnverði. Ekki verður um frekari útgáfu að ræða í þessum flokki. Skuldabréfin eru til tæplega 3 ára með gjalddaga þann 2. júní 2009.

Uppgreiðsluheimild

Engin uppgreiðsluheimild er í skuldabréfunum.

Verðþrygging

Skuldabréfin eru óverðþryggð.

Vextir

Skuldabréfin bera enga vexti

Greiðslur

Á gjalddaga skuldabréfanna fá eigendur skuldabréfanna allan höfuðstól skuldabréfanna endurgreiddan í dönskum krónum (DKK). Á gjalddaga fá eigendur skuldabréfanna jafnframt greidda ávöxtun í DKK tengda hækkun hlutabréfavísitölnunnar Eurostoxx 50 frá 31. maí 2006 til 1. júní 2009 eins og nánar er lýst í umfjöllun um greiðsluskilmála. Ef engin hækkun verður á vísitölukörfunni á tímabilinu verður ekki greidd út ávöxtun.

Flokkur skuldabréfa

Sótt er um skráningu í Kauphöll Íslands á skuldabréfum Kaupþings Banka hf. í neðangreindum flokk:

Tl.	Flokkur	Nafnverð	Gjalddagi	Uppgreiðsluheimild	Tegund
1.	KB 06 2	90.500.000 DKK	2. júní 2009	ekki til staðar	eingreiðslubréf

Greiðsluskilmálar**Skuldabréf tengt hækkun á hlutabréfavísitölnni Eurostoxx 50**

Útgefandi	:	Kaupþing banki hf. (Starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög)
Fjárhæð útgáfu	:	DKK 90.500.000
Nafnverð hvernar einingar	:	DKK 1.000
ISIN númer	:	DK0030033451
Útgáfudagur	:	23. júní 2006
Gjalddagi	:	2. júní 2009
Útgáfuverð	:	100% af fjárhæð útgáfu
Vextir	:	0%
Greiðsla á gjalddaga	:	100% af útgáfuverði í DKK + virði hækkunarstuðuls í DKK

Virði hækkunarstuðuls er reiknað sem hér segir í DKK

$$Ávöxtun = Höfuðstóll * Þátttaka * Max \left[0\%; \frac{V_T - V_0}{V_0} \right]$$

Þátttaka	:	70%
V_0	:	Upphafsgildi Eurostoxx 50 vísitölnunnar þann 31. maí 2006, þá 3637,17.
V_T	:	Lokagildi Eurostoxx 50 vísitölnunnar þann 1. júní 2009.
$(V_T - V_0) / V_0$:	Hækkun hlutabréfavísitölu
Skráning	:	Kauphöll Íslands

Tryggingar og réttindi

Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Útgefandi ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. Bréfin eru ekki víkjandi.

Greiðslustaður

Útgefandi mun, fyrir milligöngu VP A/S, greiða skuldabréfin á gjalddaga þann 2. júní 2006, til þeirra reikningsstofnanna þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikning eigenda.

Viðtökudráttur og vanskil

Ef ekki er tengdur bankareikningur við fullnægjandi VS reikning eigenda skuldabréfs skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að fá greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað til útgefanda á réttum gjalddaga mun hann hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu skuldar, verði gert fjárnám hjá skuldara eða skuldari leitar nauðasamninga, þá er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar. Þegar skuldin er öll fallin í gjalddaga, má þá gera aðför til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. 90/1989. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, dráttarvaxta og vanskilaálaga, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

Framsal og framsalstilkynning

Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Engar frekari hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Að öðru leyti fer um viðskipti með skuldabréfin eftir reglum Kauphallar Íslands hf. og almennum reglum kröfuréttar.

Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit VP A/S um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá VP A/S þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem hefur gert aðildarsamning við VP A/S og fela reikningstofnun umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur eigenda.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignaskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Fyrning

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á 10 árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Greiðsla tengd hækkun á undirliggjandi hlutabréfavísitölu körfu fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Skattar

Samkvæmt núgildandi lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 teljast bréfin til framtalsskyldra eigna hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Útgefanda ber skylda til að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum, nema eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ágreiningur

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing þessi og gögn sem vísað er til í henni liggja frammi hjá Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík og á heimasíðu bankans, www.kbbanki.is